

**DELTA KAPPA GAMMA
FÉLAG KVENNA Í FRÆÐSLUSTÖRFUM
LANDSSAMBANDSSTJÓRN 2001- 2003**

Framkvæmdaráðsfundur laugardaginn 8. sept. kl. 10:30 - 14:00, haldinn á skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Mættar: Áslaug Brynjólfssdóttir, forseti

Eyrún Gísladóttir, Eta-deild
Guðný Helgadóttir, lögsögumaður
Guðrún Einarsdóttir, Epsilon-deild
Helga Ásg. Thorlacius, Beta-deild
Hildur Harðardóttir, Peta-deild
Ingibjörg Einarsdóttir, 1. varaforseti, Gamma-deild
Jensína Valdimarsdóttir, Delta-deild
Krístín Bjarnadóttir, gjaldkeri
Sigríður Jónsdóttir, fráfarandi forseti
Sigrún Árnadóttir, Zeta-deild,
Vera Ósk Valgarðsdóttir, 2. varaforseti
Þóra Kristinsdóttir, ritari, Alfa-deild.

1. Áslaug Brynjólfssdóttir, forseti setti fund. Kveikt á kertum.

2. Orð til umhugsunar, flutt af Helgu Thorlacius.

3. **Fundargerðir.** Dreift fundargerðum frá fundi framkvæmdaráðs og landssambandsþingi á Akureyri. Athugasemd frá Eyrínu þar sem inn í fundargerð framkvæmdaráðs vantaði frásögn frá Eta-deild. Verður lagfært.

4. **Nefndir:** Áslaug ræddi um nefndaskipun á vegum stjórnar. Hún nefndi sérstaklega hugmyndir um félaga- og útbreiðslunefnd, fjölgun deilda og spurði um álit fundarkvenna. Frá Epsilon-deild kom fram að svæðið sem deildin starfar á er mjög stórt og því væri e.t.v. athugandi að stofna aðra deild á svæðinu. Þær konur sem nú eru í deildinni eru allar úr Ánessýslu. Spurning er einnig um stofnun nýrrar deildar á Vestfjörðum en konur þar hafa haft samband við Áslaugu.

Varðandi félaga- og útbreiðslunefnd kom fram að sumar deildir hefðu verið búnar að tilnefna í félaganefnd. Guðný lögsögumaður nefndi að í lögum væri hlutverk félaganefndar skilgreint sem innra starf deilda, en hlutverk útbreiðslunefndar væri fyrst og fremst útbreiðsla deilda. Nokkur umræða varð um nefndina, heiti hennar og hlutverk og fundarmenn urðu að lokum sammála um að nefndin skyldi heita Félaga-og útbreiðslunefnd. Nefndin væri skipuð einum fulltrúa úr hverri deild. Deildum væri einnig heimilt að hafa þriggja manna félaganefnd innan deilda ef vilji væri fyrir slíku fyrirkomulagi.

Í tengslum við þennan lið var rætt um mikilvægi þess að félagatal væri rétt. Kristín gjaldkeri nefndi að hluti af uppgjöri til alþjóðasamtakanna væri að gefa upp rétta félagatölju. Hún útbýtti eyðublaði sem félagar eiga að fylla út ef þeir vilja flytjast milli deilda. Sigrún Árnadóttir nefndi að stafsetning á félagsskírteinum færi svolítið í taugarnar á sínum deildarkonum. Reyna að fá úr því bætt. Áslaug hefur lista yfir alla félaga og mun senda formönnum og biðja þá að fara vandlega yfir listann og leiðréttu eftir bestu getu.

Kristín tók síðan fyrir ýmis atriði varðandi uppgjör til samtakanna. Hún útbýtti eyðublöðum sem gjaldkerar deilda eiga að fylla út. Form 18 þarf einnig að fylla út og láta fylgja uppgjöri. Á eyðublað 18a á að skrá þá félaga sem eru hættir og sérstök skýrsla yfir látna félaga. Stjórnir deilda þurfa að muna eftir hinum ýmsu eyðublöðum til útfyllingar. Það eru gul spjöld fyrir þá félaga sem teknir eru inn hverju sinni, græn blöð ef skipt er um deild og grá blöð fyrir þær konur sem hætta. Kristín kynnti jafnframt lista

yfir ýmislegt sem til er hjá samtökunum og nefndi að konur gætu skoðað og komið með tillögur um hvað væri áhugavert að panta.

5. Starfið framundan í deildum

Eta-deild: Eyrún Gísladóttir, formaður. Héldu nýverið stjórnarfund. Ákveðið að breyta fyrirkomulagi til að virkja deildarkonur betur. Félögum skipt í 4 hópa, ein úr stjórn tengiliður hvers hóps. Hver hópur sér um einn fund en auk þess er jólafundur og einn óformlegri fundur að vori.

Deltadeild: Jensína Valdimarsdóttir, formaður. Deildin hefur ekki hafið vetrarstarfið, en von á stjórnarfundi á næstunni.

Beta-deild: Helga Thorlacius, formaður. Héldu stjórnarfund 4. september. Ákveðið að beina athyglinni að söfnum á komandi vetri. Byrjað verður á Sigurhæðum í september, í október heimsótt bókasafn HA til að kynnast rafrænum tímaritum o.fl. Jólafundur verður í Laufási og farið í safn á Svalbarðseyri, í janúar bókafundur, í febrúar Davíðshús og kynning á rannsókn Önnu Þóru varðandi kulnun kennara í starfi, í mars Listagil - hvernig söfn eru notuð í kennslu. Enn er óráðið með lokafund í mars en fram hefur komið hugmynd um Vesturfarasafnið. Áhugi er á að fjölga í deildinni, þrjár konur verða kynntar á næsta fundi og tvær var búið að kynna áður.

Alfa-deild: Margrét Harðardóttir, formaður. Stjórnarfundur verður haldinn í næstu viku. Sex fundir eru fyrirhugaðir á árinu. Reyna að finna leiðir til að virkja deildarkonur og efla fundarsókn.

Peta-deild: Hildur Harðardóttir. Búið að skipuleggja vetrarstarfið. Fimm fundir eru áætlaðir. Fyrsti fundur verður í október í Holtaskóla og fundarefnið starfskynning menningarfulltrúa Reykjanesbæjar. Nóvemberfundur verður haldinn í Njarðvíkursskóla og flutt erindi um fjölgreind og hinar sjö gerðir greindar (Gylfi Jón Gylfason, sálfur.). Janúarfundur verður í Myllubakkaskóla og þar rætt um jólabækurnar. Í mars verður fundur í Heiðarskóla, erindi um manngildin fjögur (Gunnar Dal, heimspek.). Lokafundurinn er í mars í Grindavík, erindi um kulnun í starfi (Porkatla Aðalsteinsdóttir).

Epsilon-deild: Vala Valgarðsdóttir, formaður. Vetrarstarfið ekki hafið ennþá, stjórnarfundur á næsta leiti.

Zeta-deild: Sigrún Árnadóttir, formaður. Ekki hefur verið boðað til fundar en töluverð samskipti eru á netinu. Fyrirhugað er að skipa vinnuhópa kringum ákveðin málefni. Fyrsti fyndur er áætlaður í september og þar verður væntanlega fundarefnið agamál í skólum. Annað efni sem áhugi er fyrir að ræða tengist konum og álagi.

Gamma-deild: Kristín Bjarnadóttir í fjarveru Eyglóar Eyjólfssdóttur, formanns. Búið er að halda einn stjórnarfund. Á fyrsta fundi er fyrirhuguð heimsókn á Þjóðmenningarsafnið. Þema haustsins er næring og heilsa (Margrét, Bryndís, Laufey Steingrímsd.).

Sigríður Jónsdóttir spurði hvort einhverjar deildir hefðu rætt sameiginlega fundi. Fram kom að Eta-deild á heimboð til Peta-deilda og Helga Thorlacius taldi að möguleiki væri á fjarfundí þegar Beta-deild fundar í bókasafni HA. Til athugunar hvort Alfa og Delta boða til sameiginlegs fundar á komandi starfsári.

6. Drög að framkvæmdaáætlun 2001-2003

Innra starf deilda.

Nauðsynlegt að hnykkja betur á við þær konur sem boðin er innganga í félagið að þessu fylgir að taka virkan þátt í félagsstarfsemi, sækja vel fundi o.s.frv.

Sigrún Jóhannesdóttir, Delta-deild er reiðubúin til að vera leiðbeinandi á námskeiði um stjórnun og eflingu stjórnunarhæfileika. **Ákveðið að huga að þessu og kanna hvort einn tími væri hentugri en annar.**

Vorþing: Undirbúningur verður í höndum menntamálanefndar. Ef áhugi er á að fá erlenda fyrirlesara árf að sækja um það fyrir 15. október. Ákvörðun stjórnar.

Félagar: Áhugi á að fjlölgum en rétt að hafa í huga að reynslan sýnir að ekki er mjög hentugt að tala félaga í deildum fari yfir 30.

Útgáfu- og upplýsingamál: Skoða hvort til greina kæmi að gefa Fréttu bréfið út á vefnum. Nokkuð mikið um tvítekningu í efni fréttabréfsins, t.d. í sambandi við starf deilda. Koma þessum athugasemduum áleiðis til rítstjórnar. Fundarkonur voru sammála um að æskilegt væri að gefa út erindi vorþings eins og eftir síðasta vorþing; það gerir samtökum sýnilegri. Fram kom sú hugmynd hvort opna ætti vorþingin fyrir fleiri.

Nauðsynlegt að kynna samtökin, t.d. koma betur á framfæri fréttum af landsambandsþingi og að deildirnar huguðu að kynningu á sínum svæðum.

Erlend samskipti: Hvetja þarf konur til að skrifa í Bulletin. **Tilnefna þarf konur í nefndir og til forystu og í því samhengi kom fram að tilnefna Sigrúnu Klöru til næsta forset a Evrópusvæðis.** Hlaut einróma undirtektir fundarkvenna. Konur geta einnig sent tilnefninguna beint til skrifstofu samtakanna í Texas (Evelyn Barron) og gott ef formenn deilda gerðu slíkt hið sama. **Þarf að gera fyrir 15. október. Aslaug fyllir út viðeigandi eyðublað og sendir til formanna sem senda það áfram ásamt meðmælum.**

Fram kom hugmynd varðandi það að efla samskiptin hvort hægt væri að koma á vinadeildarfyrirkomulagi (sbr. vinabær). Gæti orðið nokkuð þungt í framkvæmd.

7. Evrópuþingið í Malmö

Aslaug sagði frá Evrópuþinginu í Malmö í ágúst. Meginþema þingsins „Partnership advanced teaching and learning”, komst kannski ekki alveg til skila, e.t.v. ættu fræðslufundir að vera færri og tengjast betur þemanu. Allur ytri búnaður þingsins var mjög áhugaverður. Kom vel fram að í Evrópu væru önnur tungumál en enska! Flutt voru ljóð og tónlist frá hverju landi. Íslenska kynningin vakti hrifningu (8 mín. myndband frá Ferðamannaráði). Fundarkonur fengu einnig segul á ísskápinn til að minna á þingið á Íslandi 2003.

8. Evrópuþingið á Íslandi 2003

Sigríður Jónsdóttir, formaður undirbúningsnefndar, gerði grein fyrir stöðunni. Aðrar nefndarkonur eru Sigrún Klara og Sigrún Jóhannesdóttir. Sú hugnynd að fá aðstöðu í Háskóla Íslands fyrir þingstað mun líklega ekki henta og eins sýnist Radison Saga sem gististaður verða of dýrt fyrirtæki. Því hefur verið hefur Grand Hótel verið valið en þar er gisting nokkru ódýrari og kostur að hægt er að fá þar jafnframt húsnaði fyrir þingstörf. Það hentar einnig vel að Lykil Hótel er þar í nágrenninu fyrir þá fundargesti sem kjósa ódýrari gistingu og eins nýtt hótel í svipuðum klassa í Brautarholti. Búið er að festa þennan tíma við Grand Hótel og ekki seinna vænna þar sem allt gistið var að verða upppantað, jafnvel þótt verið sé að tala um árið 2003.

Það kom fram á ráðstefnunni í Svíþjóð að undirbúning og skipulagningu við ráðstefnur af þessu tagi annast félagskonur að mestu ef ekki öllu leyti sjálfar. Því er ljóst að skipa þarf í starfshópa til að annast ákveðna þætti. Þegar er fyrir hendi kynningarnefnd (Herta, Herdís, Gerður) en ljóst er að auk þess þarf skráningarnefnd, dagskrárnefnd og skemmtinefnd svo að eitthvað sé nefnt. Hér þarf að skilgreina hlutverk hvorrar nefndar og síðan biðja um tilnefningar í þær frá deildum.

9. Tilnefning í nefndir, erlent samstarf. Þarf að gerast fyrir 15. október. Stjórnin mun ræða þetta mál.

10. **Önnur mál** a) Krístín Bjarnadóttir minnti á að gjaldkerar deilda þyrftu að innheimta félagsgjaldið í tíma, en skil til Alþjóðasambandsins er fyrir 10. nóvember.
b) Minnt á að þær konur sem hætta í samtökunum þurfa að skila nælunni.
Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:00 Þóra Kristinsdóttir skráði fundargerð.